



Krían að ná sér á strik?

Kríuvarp virðist hafa tekist ágætlega í Rífi þetta árið, meira virðist vera af hálfleggjum ungum en oft áður. Hverju er um að þakka er ekki gott að segja en það gæti hjálpað til að makrillinn er seinna á ferðinni og minna af honum en mörg fyrri ár, samkeppnin er því minni um sandsíli en það er helsta fæða kríunnar á meðan á uppeldi unganna stendur. Einnig hefur verið farið í aðgerðir á vegum Vegagerðarinnar til að lækka umferðarhraða í gegnum varpið

og minnka þannig ungasauða. Vonandi hefur þetta áhrif og krían nær sér á strik á ný.

Myndina tók Lucie Fedurcová fyrr í sumar. Lucie er frá Tékklandi og flutti til Snæfellsbæjar með kærastanum sínum 2018. Þau hafa búið hér og unnið síðan, með heimsóknum heim til Tékklands öðru hverju. Lucie hefur mikinn áhuga á samfélaginu í Snæfellsbæ sem og náttúrunni og hefur sérstakt lag á að fanga fegurðina á filmu. *jó*

Guðjón Þórðarson tekinn við Víkingi



Einn reynslumesti þjálfari landsins, skagamaðurinn Guðjón Þórðarson, er tekinn við sem þjálfari Víkings Ó. í knattspyrnu.

Guðjón hefur komið víða við á ferli sínum í þjálfun og meðal annars þjálfað íslenska landsliðið með góðum árangri. Einnig þjálfaði hann Stoke City, Crewe og Notts County á Englandi. Hann er eini íslenski þjálfarinn til að lyfta bikar á Wembley en



það gerði hann þegar hann vann gömlu framrúðubikarkeppnina með Stoke.

Í fyrra starfaði Guðjón við þjálfun í Færeyjum þar sem hann stýrði NSÍ Runavik með góðum árangri. Hann hefur ekki verið í þjálfun á Íslandi í átta ár.

Guðjón tekur við starfinu af Jóni Páli Pálmasyni sem var sagt upp störfum í síðustu viku.

phh

Lagersala í Lionshúsinu

 23-25 júlí 
Opið 13-18 alla dagana

Bébé



Sveitarfélög á grænni grein



Grundarfjörður og Snæfellsbær fengu fyrir í sumar grænar greinar frá Orkusölnunni en um er að ræða hvatningarverkefni sem er í gangi hjá fyrirtækinu. Það var

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðar, sem tók á móti birkitrjánum fyrir hönd Grundarfjarðar en Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar veitti trjánum



viðtöku fyrir hönd Snæfellsbæjar. Hvatningarátakið er fyrst og fremst hugsað sem vitundarvakning um gróðursetningu og grænan lífsstíl og mun Orkusalan

gróðursetja til jafns við þau birkitré sem sveitarfélögin fá að gjöf.

phh

SUMARFRÍ

Prentsmiðjan Steinprent verður lokuð vegna sumarleyfa til **7. ágúst**.

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma **440 2390 og 440 2000**

Bæjarblaðið Jökull er einnig komið í sumarfrí, blaðið kemur næst út **fimmtudaginn 13. ágúst**.



SJÓVÁ

SP STEINPRENT



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Brennuvargar í Stykkishólmi

Á Skeljahátíð laugardaginn 25. júlí milli 13:00 og 16:00 verða Brennuvargar með brennslugjörning á planinu við hliðina á Norska húsinu í Stykkishólmi.

Brennuvargar er félag leirlistamanna sem sérhæfa sig í brennslu keramiks með lifandi eldi. Á gjörningnum verður brennt í Rakúofni sem kynntur er með gasi og gefst gestum kostur á að sjá með eigin augum hvað gerist þegar glóandi listaverkin eru

tekin úr ofninum. Í tilefni Skeljahátíðar verða brennd lítil verk í skeljaformi og verða þau til sölu til styrktar félaginu.

Undanfarna tvo mánuði hafa verk Brennuvarga verið til sýnis í Norska húsinu ásamt sýningu heimildarmyndarinnar "Frá mótun til muna" þar sem fylgst er með mismunandi aðferðum í brennslu keramiks með lifandi eldi. Sýningunni lýkur sunnudaginn 26. Júlí.



Makrílveiði hafin við Snæfellsnes

Rán SH er þessa dagana á makrílveiðum, eru þeir feðgar Magnús Guðni Emanúelsson og Jón Þór Magnússon í áhöfn þar. Sagði Magnús að vel hefði veiðst, á mánudag var hann kominn um tíuleitið á miðinn og fékk á klukkutíma 2 tonn. Var útlitið mjög gott á mánudagskvöld en breyttist fljótt þegar leið á nóttina



Rán SH á makrílveiðum sumarið 2016, báturinn hét þá Brynja II.

Auknar heimildir til strandveiða

Í frétt á heimasíðu Stjórnarráðsins kemur fram að Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur undirritað reglugerð um auknar aflaheimildir til strandveiða á þessu fiskveiðiári. Með reglugerðinni er komið til móts við þá miklu fjölgun báta sem hafa stundað strandveiðar á þessu ári en ljóst er að með ráðstöfuninni er öllum aflaheimildum í 5,3% kerfinu svokallaða ráðstafað að fullu á þessu fiskveiðiári.

Hinn 19. júlí í fyrra ráðstafaði ráðherra rúmlega 31 þúsund tonnum til sérstakra aðgerða í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Um árlega úthlutun var að ræða sem byggir á lögum um stjórn fiskveiða en samkvæmt þeim er 5,3% af heildarafla í hverri fisktegund dregið af leyfilegum heildarafla til að mæta áföllum, til stuðnings byggðalögum, línuvillunum, strandveiða, rækju- og skelbóta, frístundaveiðar og til annarra tíma-bundinna ráðstafana til að auka

byggðafestu. Í ákvörðun ráðherra fólst að alls 11.100 tonnum var ráðstafað til strandveiða sem er sama aflamagn og á síðasta fiskveiðiári og hefur aldrei verið meira frá því strandveiðar hófust.

Samkvæmt samantekt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eru nú líkur til þess að það aflamagn sem ætlað er til strandveiða muni klárast um komandi mánaðarmót og þyrfti Fiskistofa í kjölfarið skv. 2. mgr. 6. gr. a. laga um stjórn fiskveiða að stöðva veiðarnar. Vegna þessa hefur ráðherra tekið ákvörðun um að flytja allar óráðstafaðar aflaheimildir innan 5,3% kerfisins á þessu fiskveiðiári til að koma til móts við aukna ásókn í strandveiðar á þessu fiskveiðiári. Alls er um að ræða 720 tonn og verður heildaraflamagn til strandveiða á þessu fiskveiðiári 11.820 tonn sem er það mesta frá því strandveiðar hófust.

og hafði verið frekar lítið þegar blaðamaður náði tal af Magnúsi á þriðjudag. Ekki vantar samt æti fyrir sunnan nes þar sem þeir eru að veiðum og sagði Magnús að hann hefði sjaldan eða aldrei séð eins mikið æti, bæði væri síld, sandsíli og áta þannig að það ætti ekki að vera þess vegna sem makrillinn væri ekki, einnig væri óhemju mikið af hval.

Makrillinn væri þó viðkvæmur fyrir breytingum á hitastiginu í sjónum og gæti verið að norðaustan brælan um síðustu helgi hefði haft áhrif. Makrillinn væri líka aðeins seinna á ferðinni en í fyrra á Flákanum, einhverjir hefðu þó séð hann vaðandi um allan sjó fyrir opnu Vesturlandi

á þriðjudag.

Aðspurður um makrílveiðiskapinn sagði Magnús að þetta legðist vel í sig, sjórinn væri heitur á svæðinu og skilyrðin góð fyrir makrílin en það væri samt aldrei að vita hvað hann gerði. Taldi hann að makrillinn væri seinni á ferð nú en í fyrra og hefur lítið veiðst annars staðar á landinu. Í fyrra hefði líka ekki verið neinn kraftur í veiðunum fyrr en eftir Verslunarmannahelgi og það gæti vel verið að eins yrði núna. Fyrir nokkrum dögum var til dæmis góð bryggjuveiði í Keflavík en þegar bátarnir fóru á sjó var makrill hvergi að finna.

þa



Magnús Emanúelsson á bryggjunni á Arnarstapa með sýnishorn af aflanum.

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Moli í heimsókn á Snæfellsnesi



Útbreiðsluverkefnið „Komdu í fótbolta með Mola“ er komið á fulla ferð. Verkefnið, sem er framhald á sama verkefni frá árinu 2019, felur í sér heimsóknir til

sveitarfélaga um land allt. Siguróli Kristjánsson, oftast kallaður Moli, hefur sem fyrr umsjón með verkefninu og mun hann setja upp skemmtilegar og fjölbreyttar



fótboltabúðir á hverjum stað til að efla áhuga iðkenda og styðja við bakið á knattspyrnustarfinu á staðnum.

Moli heimsótti UMFG og Umf.

Víking /Reyni í síðustu viku og mættu samtals um 50 krakkar í fótboltabúðirnar, myndirnar eru fengnar af Facebooksíðum félaganna.

Nýr matarvagn í Grundarfirði



Um síðustu helgi opnaði nýr matarvagn í Grundarfirði en fyrir er Mæstro sem glatt hefur Snæfellinga með úrvals götubita undanfarin ár.

Hjónin Gunnar Garðarsson og Selma Þorkelsdóttir, Olga Einarsdóttir og Þorkell G. Þorkelsson sem reka Bjargarstein mathús reka einnig nýja matarvagninn, í samtali við Gunnar kom fram að vagninn sé einskona sölutíbú frá Bjargarsteini þar sem öll eldamennska fer fram í Bjargarsteini en er flutt í vagninn til sölu. Í vagninum er boðið upp á súpur og ýmis konar bakkelsi en að auki er hægt að fá þar heimalagaðann ís.

Bjargarsteinn fagnar 5 ára afmæli á næstunni en staðurinn opnaði þann 31. júlí árið 2015,

Gunnar sagði að samkvæmt öllum áætlunum hefði þetta átt að verða árið sem reksturinn færiréttum megin við núllið en eins og svo víða annarstaðar í ferðaþjónustunni þá verður þetta ár líklega mjög erfitt.

Sumarið byrjaði mjög illa en frá júlíbyrjun hefur verið alveg ágætt að gera á Bjargarsteini og sagði Gunnar að góð nýting sé á staðnum öll kvöld þó að ekki sé tví- eða þrjú tími eins og var þegar best lét í uppsveiflu ferðaþjónustunnar.

Sverrir Karlsson tók meðfylgjandi mynd af matarvagni Bjargarsteins en það var Jóhann Örn sem stóð vaktina þegar Sverri bar að garði.

jó



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Klæðning flettist af veginum



Hann blés hraustlega í norðan-átt aðfaranótt föstudags í síðustu viku, þegar þannig háttar til þá er hætt við að miklar kviður myndist hlémegin við fjöll á sunnanverðu Snæfellsnesi. Það varð einmitt raunin því að þegar starfsfólk Þjóðgarðsins átti leið um Útnesveg að morgni föstu-

dags tóku þau eftir að klæðning hafði fokið af veginum rétt austan við afleggjarann niður á Djúpalónssand. Eins og sést á myndinni hefur heilmikið gengið á því klæðningu vantar á talsverðan kafla.

jó